

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
2. fundur 2023 (115. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 27.03.2023 kl. 09:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Gísli Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Sveinn Valdimarsson	fulltrúi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli

Friðfinnur Skaftason verkfræðingur í innviðaráðuneyti var gestur fundarins.

1. Stækkun Keflavíkurflugvallar. Umsögn um umhverfismatsskýrslu Isavia

Bryndís Skúladóttir efnaverkfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf kynnti umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmda við stækkun Keflavíkurflugvallar. Skipulagsnefndin hafði fjallað um matsáætlun fyrir framkvæmdir við Keflavíkurflugvöll á fundi sínum árið 2018. Efnislega er nú um sömu framkvæmdir að ræða að viðbættum framkvæmdum við svokallað demantssvæði sem er við norðurenda NA/SV flugbrautarinnar sem ekki er í notkun.

Niðurstaða umhverfismatsins er í stuttu máli eftirfarandi:

- Áhrif framkvæmda almennt eru talin óverulega neikvæð til talsvert jákvæð
- Óvissan er mest í mati á áhrifum á loftslag þar sem tækniþróunin er hröð
- Mótvægisáðgerðir geta dregið ú áhrifum framkvæmda og reksturs á flugvallarsvæðinu
- Vöktun getur gefið tilefni til að grípa til frekari áðgerða

Skipulagsnefndin vekur athygli á að lagafæra þarf nokkrar myndir og uppfæra þarf hljóðkort vegna nýrra krafna um flugferla.

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um umhverfismatsskýrsluna. Málið var kynnt eins og áður segir og skipulagsnefndin mun afgreiða umsögn sína á næsta fundi nefndarinnar.

2. **Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022 - 2034**

Suðurnesjabær hefur samþykkt nýtt aðalskipulag 2022 – 2034. Í greinargerð með aðalskipulaginu var tekið tillit til athugasemdar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar varðandi gildissvið skipulagsreglna flugvallarins,

3. **Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2013 - 2030**

Lagt var fram minnsblað skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar, dags. 19.01.2023, þar sem hann reifar þörfina á að endurskoða aðalskipulag Keflavíkurflugvallar að hluta til eða að öllu leyti vegna breyttra aðstæðna og/eða forsendna. Eins telur skipulagsfulltrúi að uppfæra þurfi skipulagsreglur flugvallarins vegna nýrra heildarlaga um loftferðir (nr. 80/2022) sem tóku gildi árið 2022.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti að fram fari heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Leggur nefndin áherslu á að mikið og gott samráð verði haft við nefndina við vinnslu aðalskipulagsins.

4. **Áform um niðurrif gamalla bygginga og olíutanks við Háaleitishlað**

Deild Mannvirkja og innviða hjá Isavia áformar að rífa gamlar byggingar og olíutank við Háaleitishlað. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja óskar eftir samþykki skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar á þessum áformum.

Um er að ræða Háaleitishlað 26b, Háaleitishlað 26c og olíutanka við hlið bygginganna sem tilgreindar eru með heitið 833 í deiliskipulagi.

Skipulagsnefndin samþykkti niðurrif framangreindra mannvirkja.

5. **Fyrirhuguð ný settjörn á flugvallarsvæðinu, SFA – 16, málsmeðferð**

Isavia vinnur að því að staðsetja nýja settjörn á flugvallarsvæðinu, vinnuheitið er SFA - 16. Sem svar við fyrirspurn mælir Skipulagsstofnun með málsmeðferð sem er annað hvort er breyting á deiliskipulagi eða meðferð skv. 44. gr. skipulagslaga þar sem veitt er heimild til grenndarkynningar þegar framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir og hagsmunir nágretta og annarra skerðast ekki hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp ofl.

Skipulagsnefndin samþykkti málsmeðferð skv. 44. gr. skipulagslaga og leggur til að leitað verði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Minjastofnunar um framkvæmdina.

6. **Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 26. apríl 2023 og mun hann væntanlega fara fram á Teams.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>